**Bekkur: 6. bekkur**

**Námsgrein: Samfélagsgreinar**

**Kennarar: Jón Hrafn Baldvinsson, Linda Björk Ólafsdóttir og Þórhildur Kristín Bachmann**

**Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku**

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:**

- **Norðurlönd lesbók + vinnubók**
- **Kortabók fyrir grunnskóla og kortavefir**
- **Snorra saga**
- **Efni og verkefni frá kennara**
- **Lesbækur - Trúarbragðafræði**
- **Verkfærakistan**
- **Námsefni tengt Uppbyggingastefnunni**
- **Ýmis gögn frá kennara**

**Lykilhæfni:**
**Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi**

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann** | Nemandi geti:<br>• sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, samkennd og umhyggju, félagslegu réttlæti.<br>• skýrt tengsl samfélags, náttúru og lífsviðhorfa fyrr og nú á Norðurlöndum.<br>• aflað sér og nýtt vitneskju um samfélög í námsgögnum og miðlum.<br>• áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hefur áhrifa á búsetu og lífsskilyrði.<br>• gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis og hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum þeirra til verndar.<br>• áttað sig á hlutverki landakorta og notagildum þeirra.<br>• dregið upp mynd af afmörkuðum efnisþáttum í sögu og menningu landa og þjóða.<br>• greint hvernig menning og saga birtist í textum og munum, hefðum og minningum mismunandi svæða og landa.<br>• lýst helstu trúarbrögðum og lífsviðhorfum og áhrifum þeirra á líf fólks. | • Innlögn á hugtökum<br>• Unnið í Vinnubók<br>• Umræður í tíma<br>• Hópverkefni<br>• Námsleikir<br>• Kennslumyndbönd | • Verkefnaskil<br>• Vinnubók metin<br>• Sjálfsmat<br>• Þátttaka nemenda<br>• Símat |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi daglegs lífs.<br>• gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.<br>• borið saman valin trúar- og lífsviðhorf.<br>• nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbragða á menningu og samfélög.<br>• berið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.<br>• lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga. | | |
| **Hugarheimur-sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum** | Nemandi geti:<br>• gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.<br>• lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.<br>• tileinkað sér holla lífshætti.<br>• metið jákvæð og neikvæð áreiti í umhverfinu á líf hans og tekið afstöðu til þeirra.<br>• gert sér grein fyrir að öll skiptum við máli.<br>• sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn.<br>• sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni. | • Bekkjarsáttmáli unninn saman.<br>• Þarfagreining | Mat á virkni og færni nemenda í tímum tengt verkefnavinnu, umræðum, samvinnuverkefn um o.fl. |
| **Félagsheimur – samskipti. Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra** | Nemandi geti:<br>• tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br>• borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt skoðanir þess og lífsgildi.<br>• metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausn hátt.<br>• tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur.<br>• tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti.<br>• sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.<br>• rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra (bekkjarsáttmálinn).<br>• rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.<br>• tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.<br>• sýnt samferðafólki sínu tillitsemi og umhyggju. | • Námsleikir<br>• þjálfun félagsfærni, í stærri og minni hópum innan bekkjarins.<br>• Umræður<br>• Bekkjarfundir – klípusögur og lausnarleit í ýmsum aðstæðum.<br>. | Skráning kennara á virkni og færni nemenda í tímum tengt verkefnavinnu, umræðum, samvinnuverkefn um o.fl. |
| **<u>Lykilhæfni</u> sjálfstæði og samvinna** | Nemandi geti:<br>• gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það.<br>• tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt. | • Nemendur fá endurgjöf tengt verkefnum og nota endurgjöfina til þess að vinna að markmiðum tengt námi. | • Metið í gegnum verkefnavinn u og |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína<br>• unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla. | • Samstarf og hópaverkefni. | hópastarf. Hópleikir. |
| <u>**Lykilhæfni**</u> **ábyrgð og mat á eigin vinnu** | Nemandi geti:<br>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi<br>• sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. | • Nemendur fá endurgjöf tengda verkefnum og nota endurgjöfina til þess að vinna að markmiðum tengt námi. | • Símat og endurgjöf í gegnum verkefnavinnu |
| <u>**Lykilhæfni**</u> **tjáning og miðlun** | Nemandi geti:<br>• hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða. | • Nemendur ræða saman í hópaverkefnum og í tíma um málefni sem snerta mismunandi viðfangsefni.<br>• Nemendur æfa sig í að hlusta og taka tillit til skoðana annarra. | • Hópverkefni<br>• Umræður í tíma undir stjórn kennara |
| <u>**Lykilhæfni**</u> **skapandi og gagnrýnin hugsun** | Nemandi geti:<br>• skilgreint viðmið um árangur.<br>• lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt.<br>• vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt. | • Nemendur fá endurgjöf tengda verkefnum og nota endurgjöfina til þess að vinna að markmiðum tengt námi.<br>• Nemendur vinna í námsbókum og vinna verkefni tengt viðfangsefnum hvers tíma. | • Verkefna vinna í bókum<br>• Vinna í hópaverkefnum |